

## Aðalfundur Kaldalóns hf. 2022

Föstudaginn 8. apríl 2022, kl. 16:00, var haldinn aðalfundur Kaldalóns hf., kt. 490617-1320 („félagið“) 2022, að Borgartúni 19, Reykjavík.

Jón Skaftason, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Að því loknu lagði hann til að Bjarki Diego yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Tók þá fundarstjóri við stjórn fundarins og lagði til að Tómasi Magnúsi Þórhallssyni yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt.

Fór fundarstjóri þá yfir boðun fundarins og fundarsókn, en mætt var fyrir hönd hluthafa sem ráða yfir 64,45% hlutafjár félagsins. Þar sem fundarboð var í samræmi við lög og samþykktir félagsins lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Var þá tekið til fundarstarfa. Upplýsti fundarstjóri að skv. fundarboði væru eftirfarandi mál á dagskrá aðalfundarins:

- (1) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár.
- (2) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár.
- (3) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári.
- (4) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins.
- (5) Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags félagsins.
- (6) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda.
- (7) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins.
- (8) Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á árinu 2021

Jón Skaftason, stjórnarformaður, kynnti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins fyrir síðasta starfsári og fór yfir helstu atriði og fjárfestingar í starfsemi félagsins á árinu, sem hafði verið annasamt og viðburðarríkt. Fjallaði hann sérstaklega um þau gildi sem einkenna félagið sem og þá eignaflokkar sem félagið hefur einblínt á í fjárfestingum sínum að undanförnu, þar sem fjárfest hefur verið í tekjuberandi fasteignum og á samhliða hafi þróunarverkefni verið seld. Að hans mati hafi tekist vel til með fjárfestingar á síðast rekstrarári. Þá væru spennandi tímar framundan vegna fyrirhugaðrar skráningar félagsins á aðallista Nasdaq Iceland hf. í haust.

Þá tilkynnti hann um ákvörðun sína að gefa ekki aftur kost á sér í stjórn félagsins og þakkaði um leið stjórn og stjórnendum félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Óskaði hann félagini alls hins besta í komandi framtíð.

## **2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir rekstrarárið 2021**

Jón Þór Gunnarsson, forstjóri, fór yfir helstu atriði ársreiknings félagsins fyrir rekstrarárið 2021 og kom fram að hagnaður ársins nam 1.339 m.kr., samanborið við 370 m.kr. árið 2020. Heildareignir félagsins í árslok 2021 námu 21.479 m.kr. og eigið fé í árslok 2021 var 8.359 m.kr., samanborið við 4.646 m.kr. í árslok 2020. Þá kom fram að vaxtaberandi skuldir námu í árslok 2021 samtals 9.734 m.kr. og að handbært fé í lok ársins voru 1.296 m.kr.

Að lokinni yfirferð og umræðu um ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2021 var ársreikningurinn staðfestur samhljóða af fundarmönnum.

## **3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári**

Borin var upp tillaga stjórnar um að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs.

Var tillagan samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

## **4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins**

Eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér sem stjórnarmenn félagsins:

Almar Þ. Möller  
Gunnar Henrik Gunnarsson; og  
Álfheiður Ágústsdóttir;

og eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér í varastjórn félagsins:

Hildur Leifsdóttir.

Ekki hafa komið fram önnur framboð til stjórnar innan þeirra tímamarka sem samþykktir félagsins áskilja og voru framangreindir aðilar því sjálfkjörnir í stjórn og varastjórn félagsins.

## **5. Kjör endurskoðenda félagsins**

Af hálfu stjórnar var lagt til að PricewaterhouseCoopers ehf. væri kjörið sem endurskoðandi félagsins til næst árs.

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

## **6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins og undirnefnda**

Samkvæmt því sem fram kom í fundarboði og tillögum fyrir aðalfund lagði stjórn til við aðalfund að þóknun hvers stjórnarmanns verði kr. 250.000 á mánuði og þóknun formanns stjórnar tvöföld þóknun stjórnarmanns. Kom þar einnig fram að ekki verði greitt fyrir setu í undirnefndum stjórnar.

Af hálfu stjórnar félagsins var lögð fram breytingartillaga þar sem bætt var við framlagða tillögu að varamenn í stjórn skuli fá greiddar kr. 75.000 fyrir hvern fund sem þeir sitja, sem er efnislega samhljóða tillögu sem samþykkt var á aðalfundi 2021.

Var þannig lögð fram svofeld tillaga um ákvörðun þóknun til stjórnarmanna félagsins og undirmanna:

- Þóknun til stjórnarmanna verði kr. 250.000 á mánuði;
- þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanna;
- þóknun til varamanna í stjórn skal vera kr. 75.000 fyrir hvern fund sem þeir sitja; og
- ekki verður greidd þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar.

Tillaga stjórnar, með breytingartillögu, var lögð fram í heild sinni til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

## **7. Starfskjarastefna**

Lögð var fram tillaga stjórnar um að framlögð starfskjarastefna félagsins, sem er óbreytt frá starfskjarastefnu sem samþykkt var á hluthafafundi þann 16. desember 2021, verði samþykkt.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **8. Önnur mál**

Engin tillaga lá fyrir fundinum um önnur mál og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri óskaði fráfarandi stjórn til hamingju með gott rekstrarár og óskaði um leið fráfarandi stjórnarmönnum og nýkjörinni stjórn velfarnaðar.


Fundurinn veitti fundarstjóra heimild til þess að rita undir fundargerðina og afhenda á skrifstofu félagsins þar sem hluthafar munu hafa aðgang að fundargerðinni.


Þá var lagt til að BBA//Fjeldco væri falið að tilkynna um ákvarðanir fundarins til fyrtækjaskrár Skattsins. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira gerist ekki og var fundi slitið kl. 16:25.

Ofangreint staðfestist hér með.

Reykjavík, 8. apríl 2022

  
\_\_\_\_\_  
Bjarki H. Diego  
fundarstjóri

  
\_\_\_\_\_  
Tómas M. Þórhallsson  
fundarritari